Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Reykjavík, 2. nóvember 2026
MSS26100072
hsg

Hér með sendist útskrift úr fundargerð borgarstjórnar frá 20.10.2026 varðandi eftirfarandi mál:

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar um greiningu á áhrifum gervigreindar og sjálfvirknivæðingar á Reykjavíkurborg - til afgreiðslu

Lögð fram svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Samfylkingarinnar:

> Borgarstjórn samþykkir að fela borgarstjóra að láta vinna heildstæða úttekt á mögulegum áhrifum af notkun gervigreindar og aukinnar sjálfvirknivæðingar á rekstur Reykjavíkurborgar, atvinnustig íbúa, tekjustofna borgarinnar og samfélagslegan jöfnuð til næstu 5-10 ára.

Greinargerð fylgir tillögunni.
Samþykkt að vísa tillögunni til meðferðar borgarráðs. MSS26100072

Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram svohljóðandi bókun:

> Borgarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja til að gerð verði heildstæð greining á áhrifum gervigreindar og sjálfvirknivæðingar á rekstur og tekjustofna Reykjavíkurborgar, atvinnu borgarbúa og samfélagslegan jöfnuð til næstu 5-10 ára. Gervigreind er komin til að vera og hún getur orðið ein mesta framfarabylting okkar tíma, aukið framleiðni, dregið úr skriffinnsku og gefið starfsfólki borgarinnar meiri tíma í það sem mestu skiptir, að veita borgarbúum góða almannaþjónustu. Reykjavík á að vera í fremstu röð við að nýta tæknina til góðs á ábyrgan hátt. Tæknibyltingar breyta ekki aðeins því hvernig við vinnum heldur líka því hvernig verðmæti verða til og hver nýtur þeirra. Borgin byggir stærstan hluta tekna sinna á útsvari af launum íbúa en fær hvorki hlut í tekjuskatti fyrirtækja né fjármagnstekjuskatti. Ef framleiðni og hagnaður fyrirtækja aukast án þess að launin fylgi með gæti borgarsjóður farið á mis við ávinninginn meðan þörfin fyrir grunnþjónustu á borð við leikskóla, grunnskóla og velferðarþjónustu eykst. Greiningin á að byggja á þeirri góðu vinnu sem þegar hefur verið unnin í stafrænni umbreytingu borgarinnar og fara fram í samráði við starfsfólkið. Við eigum ekki að óttast framtíðina heldur undirbúa hana svo aukin verðmætasköpun skili sér í betri lífskjörum, öflugri þjónustu og auknum jöfnuði fyrir alla borgarbúa.

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Reykjavík

Meirihluti DCB samþykkir að vísa tillögunni til borgarráðs og þaðan til þjónustu- og nýsköpunarsviðs og fjármála- og áhættustýringarsviðs. Reykjavíkurborg nýtir gervigreind nú þegar með ýmsum hætti og ábatametur fjárfestingar í slíkum lausnum. Sjálfsagt er að meta þetta með heildstæðum hætti. Flóknara er að meta áhrif gervigreindar á vinnumarkaðinn og tekjur borgarinnar af útsvari enda liggur ekki enn fyrir að fullu hvaða störf munu víkja og hvaða störf verða til með aukinni notkun gervigreindar.

Borgarfulltrúar Vinstrisins leggja fram svohljóðandi bókun:

Tæknin býður upp á fjölmörg tækifæri á hinum ýmsu sviðum en móta þarf skýr viðmið um til hvers hún er nýtt, hvenær megi nýta hana og á forsendum hverra. Mikilvægt er að hið opinbera noti ekki lausnir og tækni sem kunna að hafa skaðleg áhrif á samfélög, fólk og umhverfi. Fyrst og fremst á ný tækni að nýtast til góðra verka og að bæta tilveru fólks og fara vel með umhverfið. Gervigreind, mállíkön og sjálfvirknivæðing koma ekki í stað mannlegra samskipta og mikilvægt er að það sé haft að leiðarljósi í greiningarvinnu og allri stefnumótun og þjónustu borgarinnar.

Borgarfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Nauðsynlegt er að fara í greiningu á áhrifum gervigreindar og sjálfvirknivæðingar á rekstur Reykjavíkurborgar, tekjustofna, atvinnustig íbúa, samfélagslegan jöfnuð og umhverfið. Ef innleiðing gervigreindar verður áfram algjörlega á forsendum markaðarins án félagslegrar stýringar og eignarhalds er augljóst að útkoman verður síhröðuð tilfærsla auðs frá vinnandi fólki til fjármagnseigenda. Borgin er einn stærsti vinnu- og þjónustuveitandi á landinu og ber því ríka ábyrgð á að kortleggja bæði hvernig tæknin nýtist borgarbúum og hætturnar sem af henni stafa. Sjálfvirknivæðing á að leiða til styttri vinnutíma, betri þjónustu og minna vinnuálags. Ekki til skertra launa, hópuppsagna eða að mannleg samskipti við borgarbúa víki fyrir vélrænu viðmóti. Borgin verður að leggja aukna áherslu á uppbyggingu sameiginlegra opinberra innviða og eflingu þekkingar innan borgarinnar. Eftir því sem stærri hluti samfélagslegrar grunnþjónustu nýtir stafræna tækni verður stafrænt sjálfstæði æ mikilvægara og fer að snúast um nauðsyn lýðræðislegs valds yfir tækninni sjálfri.

Helga Björk Laxdal
e.u.